

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 163/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1542 frá 8. júní 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 að því er varðar útreikning á lögbundnum gjaldþolskröfum fyrir tiltekna flokka eigna í eigu váttrygginga- og endurtryggingafélaga (innviðafyrirtæki) ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 264, 13.10.2017, bls. 24.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2189 frá 24. nóvember 2017 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2190 frá 24. nóvember 2017 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2452 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽³⁾.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1b (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/35):
„- **32017 R 1542**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1542 frá 8. júní 2017 (Stjtið. ESB L 236, 14.9.2017, bls. 14), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 264, 13.10.2017, bls. 24.“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1p (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2450):
„- **32017 R 2189**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2189 frá 24. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 310, 25.11.2017, bls. 3).“
3. Eftirfarandi er bætt við lið 1r (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2452):
„, breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 236, 14.9.2017, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 310, 25.11.2017, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 310, 25.11.2017, bls. 30.

- **32017 R 2190:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2190 frá 24. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 310, 25.11.2017, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (EB) nr. 2017/1542, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 264, 13.10.2017, bls. 24, og framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2017/2189 og (ESB) 2017/2190, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 ⁽⁴⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽⁴⁾ Óbirt.